

**Fundinn sátu:**

Unnur Lilja Hermannsdóttir (formaður) Steinn Jóhannsson, Halldóra Björt Ewen (fulltrúi kennara), Helga Jóhannsdóttir (ritari), Nína María Morávek (foreldraráð), Margrét M. Norðdahl, Ragnar Guðmundson, Ásdís Þórólfsdóttir (fulltrúi kennara).

Ari Hallgrímsson forseti NFMH

**Mættir á TEAMS:** Hildur Sverrisdóttir, Ragnar Guðmundsson og Karl Sigurðsson

## Dagskrá fundarins

- Kosning formanns skólanefndar
- Um skólastarf á haustönn
- Kennsla á tímum COVID
- Staða framkvæmda í MH
- Önnur mál

**Kosning formanns skólanefndar**

Unnur Hermannsdóttir gefur kost á sér áfram eftir einróma hvatningu fundarmanna. Unnur þakkaði kærlega fyrir hvatninguna og féllst á að gegna formennsku næsta skólaár.

**Um skólastarf á haustönn og kennsla á tímum Covid-19**

- Haustið 2020 hófu um 240 nýnemar nám í MH og 30 eldri nýnemar (úr öðrum skólum). Nokkrir afleysingarkennarar og stundakennarar ráðnir fyrir haustönnina. Almenn kennsla hófst þremur dögum seinna en áætlað var og fengu kennarar tækifæri til að funda og skipuleggja kennslu í breyttum aðstæðum. Nýnemar komu í hús á áætluðum degi til að fá kynningu á tæknimálum og Innu. Lífsleiknikennarar tóku á móti þeim tvo daga í fyrstu viku skólaársins. Skipulagið hingað til er sýnilegt á heimasíðu skólans undir covid-hnapp.
- NFMH var með ráðakynningar á netinu í gegnum Zoom fund. Þau stefna á eitt eða tvö kvöld í næstu viku með nýnema og eru að reyna að skipuleggja önnina í óvissu um hvað má og hvað ekki. Undankeppni í Gettu betur er í gangi.
- Kórinn búinn með inntökuþróf og 25 nýir kórfélagar teknir í kórinn. Samtals munu um 70 nemendur vera í kórnum á komandi skólaári.
- Náms- og starfsráðgjafar hringdu í alla nýnema að kanna stöðuna á þeim og náminu og flestir voru jákvæðir og ánægðir með að finna að verið væri að fylgjast með þeim.
- Kennarar hafa fullt traust stjórnenda til að skipuleggja kennslu eftir því sem þeir telja best hverju sinni en lögð er áhersla á að fylgja stundaskrá og nýta sér möguleika Innu sem best.

**Staða framkvæmda í MH**

Framkvæmdum er að ljúka í bili og salernin á Matgarði tilbúin. Norðurkjallari verður lokaður aðeins áfram á meðan framkvæmdir klárast. Enn verið að vinna við frágang í rými 39 og Undirheimum. Ýmsu þurft að fresta en það fer í gang um leið og aðstaðan er tilbúin.

**Önnur mál**

Íbúaráði í Hlíðunum er að velta fyrir sér hvernig hægt væri að minnka umferðina í tengslum við skólann. Tillaga skólanefndar að gera samgöngukönnun til að athuga með notkun einkabílsins meðal starfsmanna og nemenda. Önnur tillaga að sérfræðingar frá borginni, t.d. samgöngustjóri, gætu ráðlagt skólanum um hvað væri hægt að gera til að leiðbeina okkur í þessu máli.

Næsti fundur miðvikudaginn 25.nóvember 2020

Ritari: Helga Jóhannsdóttir